

# Topplistar útlána 2015

## Inngangur

Topplistar útlána eru listar yfir vinsælustu eða mest lánaðu titlana í aðildarsöfnum Gegnis og fyrir Gegni sem heild. Topplistarnir voru fyrst birtir um áramótin 2014 / 2015 en þá var unnið úr útlánagögnum fyrir árið 2013. Skömmu seinna voru listar fyrir árið 2014 birtir á vef Landskerfis bókasafna. Í maí 2016 opnaði Landskerfi bókasafna nýjan vef, [www.landskerfi.is](http://www.landskerfi.is). Á nýja vefnum hefur framsetningu topplistanna verið gjörbylt. Einnig hefur kerfisleg úrvinnsla fyrir allt gagnasett topplista áranna 2013 – 2015 verið endurskoðuð. Forsendur fyrir talningu útlána hefur breytist lítillega og það útskýrir frávik í einstökum tölum ef eldri listar eru bornir saman við þá nýju.

## Forsendur

Grunnurinn að topplistum útlána byggir á samtengingu bókfræðiupplýsinga og útlánaupplýsinga. Safnað er saman útlánnum allra eintaka hvers titils / bókfræðifærslu á hverju aðildarsafni Gegnis til að fá heildarútlán hvers titils fyrir valið ár.

Titill → Safn → Eintök → Útlán → Ár = Heildarútlán titils á ári

Tölulegar upplýsingar geta aldrei orðið betri en undirliggjandi gögn. Upplýsingar um titla byggja á bókfræðiskráningu en fyrir utan titilupplýsingar er bókfræðisnið (þ.e.a.s. hvort um er að ræða bók, tímarit eða annað efni) og kóðar úr „008“ stýrisviði bókfræðifærslunnar lagðir til grundvallar við talningu.

Nýjar gerðir skýrslna voru útbúnar og eru þær nú nú tíu alls en voru áður aðeins sex talsins. Ákveðið var að brjóta upp efnisflokka fyrir barnaefni og í stað þess að hafa einn flokk fyrir barna- og unglingaefni eru flokkarnir núna fjórir auk sérstaks flokks fyrir kennsluefni framhaldsskóla. Topplistar útlána eru:

- Topplisti útlána 2015 – Allt efni
- Topplisti útlána 2015 – Bækur
- Topplisti útlána 2015 – Tímarit
- Topplisti útlána 2015 – Ekki bækur eða tímarit
- Topplisti útlána 2015 – Fullorðinsefni
- Topplisti útlána 2015 – Unglingaefni
- Topplisti útlána 2015 – Barnaefni
- Topplisti útlána 2015 – Smábarnaefni
- Topplisti útlána 2015 – Kennsluefni framhaldsskóla
- Topplisti útlána 2015 – Kennsluefni grunnskóla

Forsendur sem liggja til grundvallar listanna eru:

- **Topplisti útlána – Allt efni**  
Hér eru engar bókfræðitakmarkannir lagðar til grundvallar
- **Topplisti útlána – Bækur**

Hér er talning útlána miðuð við bókfæðisnið „BK“ eða bækur

- **Topplisti útlána – Tímarit**

Hér er talning útlána miðuð við bókfæðisnið „SE“ eða tímarit

- **Topplisti útlána – Ekki bækur né tímarit**

Hér er talning útlána miðuð við bókfæðisnið sem eru ekki bækur né tímarit. Þetta eru:

- Hljóðbækur (HB)
- Myndefni (VM)
- Tónlist (MU)
- Samsett gögn, þrjú að fleiri ytri form (MX)
- Tölvugögn (CF)
- Kort (MP)
- Handrit (MA)

- **Topplisti útlána – Fullorðinsefni**

Hér er talning útlána miðuð við bókfæðisnið bækur (BK) og hljóðbækur (HB) að viðbættri takmörkun við fullorðinsefni. Fullorðinsefni er skilgreint í stýrisviði 008, sæti 22 = e.

- **Topplisti útlána – Unglingaefni**

- Hér er talning útlána miðuð við öll bókfæðisnið (bækur, tímarit, myndefni og fleira) að viðbættri takmörkun við ungingaefni. Unglingaefni er skilgreint í stýrisviði 008, sæti 22 = j.

- **Topplisti útlána – Barnaefni**

Hér er talning útlána miðuð við öll bókfæðisnið (bækur, tímarit, myndefni og fleira) að viðbættri takmörkun við barnaefni. Barnaefni er skilgreint í stýrisviði 008, sæti 22 = b.

- **Topplisti útlána – Smábarnaefni**

Hér er talning útlána miðuð við öll bókfæðisnið (bækur, tímarit, myndefni og fleira) að viðbættri takmörkun við barnaefni. Smábarnaefni er skilgreint í stýrisviði 008, sæti 22 = a.

- **Topplisti útlána – Kennsluefni framhaldsskóla**

Hér er talning útlána miðuð við öll bókfæðisnið (bækur, tímarit, myndefni og fleira) að viðbættri takmörkun við kennsluefni framhaldsskóla. Kennsluefni framhaldsskóla er skilgreint í stýrisviði 008, sæti 22 = d.

- **Topplisti útlána – Kennsluefni grunnskóla**

Hér er talning útlána miðuð við öll bókfæðisnið (bækur, tímarit, myndefni og fleira) að viðbættri takmörkun við kennsluefni grunnskóla. Kennsluefni grunnskóla er skilgreint í stýrisviði 008, sæti 22 = c.

Eðli málsins samkvæmt getur hver titill verið margfaldur í Gegni. Talningar eru byggðar á bókræðifærslu en hver titill getur hugsanlega átt sér margar bókræðifærslur. Margfaldar bókræðifærslur byggja á mismunandi útgáfum, mismunandi sniði eins og bók, hljóðbók og svo framvegis. Þegar topplistarnir eru skoðaðir kemur eflaust margt spáskt fyrir sjónir, eins og að margar bókræðifærslur eru fyrir vinsælustu titlana svo sem „Myndasögusyrpa“ með mismunandi ártölum. Oft er álitamál hvernig skuli kóða efni og einnig geta verið villur í kóðuninni Þá þarf að skoða sérstaklega það sem stingur í stúf og meta hvort breyta eigi bókræðiskráningunni fyrir seinni tíma úrvinnslu.

## Val á topplistum -> einstök söfn

Nauðsynlegt er vera innskráður til þess að skoða topplista fyrir einstök söfn á þjónustuvef Landskerfis bókasafna. Til þess að nálgast upplýsingar um toppútlán er farið inn á vefsíðuna <https://www.landskerfi.is/tolur-ut-gegni/topplistar/einstok-sofn/einstok-sofn>.

Til þess að velja bókasafn er slegið inn línuna **Bókasafn**

- upphaf á heiti bókasafns
- strengur innan úr nafni bókasafns
- safnkóði bókasafnsins
- **ef ekkert bókasafn er valið þá birtast topplistar fyrir Gegni sem heild**

**Bókasafn**



Háskólinn í Reykjavík (HREHH)

Það **þarf** að velja bókasafnið **með músinni**.

Þá er valið hvaða ár skal skoðað ...

**Ár**

2015 ▾

2015  
 2014  
 2013

hvaða efnisflokkur ...

**Efnisflokkur**

Allt ▾

Allt  
 Bækur  
 Tímarit  
 Ekki bækur eða tímarit  
 Fullorðinsefni  
 Unglingaefni  
 Barnaefni  
 Smábarnaefni  
 Kennsluefni framhaldsskóla  
 Kennsluefni grunnskóla

og hve löngum lista er óskað eftir (10, 50, 100 eða 200)

**Lengd lista**

10 ▾

10  
 50  
 100  
 200

**Ár** **Efnisflokkur** **Lengd lista**

2015 ▾

Fullorðinsefni ▾


10 ▾

Skoða

Þá er smellt á **Skoða**

## Val á topplistum -> Gegnir sem heild

Topplistar fyrir Gegni sem heild má nálgast eins og topplistana fyrir einstök söfn nema að ekki er valið bókasafn.

**Bókasafn**  
 

## Vinsælast?

Bókfræðiupplýsingar í Gegni eru flokkaðar eftir eðli efnis eða bókfræðisniði t.d. bækur, tímarit, tónlist og svo framvegis. Fjöldi eintaka sem tengjast mismunandi bókfræðisniðum er mjög misjafn, t.d. eru margfalt fleiri eintök tengd á hvern tímarits titil heldur en bókar titil. Fjöldi eintaka sem tengd eru ákveðnum titli hefur afgerandi áhrif á mögulegan fjölda útlána. Þetta má glöggt sjá þegar topplistar útlána fyrir allt efni Gegnis eru skoðaðir enda eru tímaritatitlar í öllu efstu sætum.

Ár	Efnisflokkur	Lengd lista		Útlán
2015	Allt	10	<a href="#">Skoða</a>	
<b>Titill</b>				
(1)	Myndasögusyrpa = Syrpa. (1994)			23.317
(2)	Vikan 2015. (2015)			13.310
(3)	Hús og híbýli. (1972)			9.857
(4)	Vikan 2014. (2014)			9.819
(5)	Júlía. (2009)			8.275
(6)	Femina. (1952)			7.481
(7)	Gestgjafinn : tímarit um mat. (1981)			7.403
(8)	Myndasögusyrpa 2014 = Syrpa 2014. (2014)			7.018
(9)	Sagan öll. (2007)			6.001
(10)	Séð og heyrt 2015. (2015)			5.845

Þegar topplistar fyrir vinsælustu bækurnar árið 2015 fyrir Gegni sem heild eru skoðaðir er greinilegt að efni fyrir börn er mjög vinsælt útlánaefni. Af tíu efstu titlunum eru níu titlar fyrir börnum.

Ár	Efnisflokkur	Lengd lista	
2015	Bækur	10	
<a href="#">Skoða</a>			
Titill			Útlán
(1) Dagbók Kidda klaufa : svakalegur sumarhiti / Jeff Kinney (2012)			4.682
(2) Dagbók Kidda klaufa / Jeff Kinney (2009)			4.568
(3) Dagbók Kidda klaufa : tómt vesen / Jeff Kinney (2013)			4.341
(4) Dagbók Kidda klaufa : ekki í herinn! 3 / Jeff Kinney (2011)			4.226
(5) Dagbók Kidda klaufa : kaldur vetur / Jeff Kinney (2014)			4.222
(6) Dagbók Kidda klaufa : Róbbi rokkar / Jeff Kinney (2010)			3.508
(7) Kamp Knox / Arnaldur Indriðason. (2014)			3.364
(8) Skúli skelfir og draugarnir / Francesca Simon (2014)			3.301
(9) Skúli skelfir fer í frí / Francesca Simon (2010)			3.295
(10) Skúli skelfir og íþróttadagurinn / Francesca Simon (2012)			3.289


Eitt af megin hlutverkum bókasafna er skráning, umsýsla og utanumhald safnkostins. Útlánaþáttur Gegnis heldur utan um safnkostinn til þess að alltaf sé mögulegt að vita hvar og/eða hver er með ákveðið eintak. Raunveruleikinn er að útlánaþáttur Gegnis er notaður til þess að halda utan um ýmiss konar jaðarefni sem ekki flokkast undir hefðbundið efni bókasafna. Þetta eru tölvur, heyrnartól, spil og ýmiss konar annað jaðarefni sem skráð er sem „safnfærslur“. Þessar færslur eru gjarnan auðkenndar með kóða safns og safnfærsla, t.d. „HOLGG safnfærsla“. Þegar topplisti fyrir Gegni árið 2015 er skoðaður fyrir efnisflokkinn „Ekki bækur eða tímarit“ kemur í fyrsta sætið „Spil [safnfærsla]“.

Ár	Efnisflokkur	Lengd lista	
2015	Ekki bækur eða tímarit	50	
<a href="#">Skoða</a>			
Titill			Útlán
(1) Spil [safnfærsla]. (1900)			966
(2) Kamp Knox [hljóðbók] / Arnaldur Indriðason (2014)			641
(3) DNA [hljóðbók] / Yrsa Sigurðardóttir (2014)			632
(4) París norðursins [mynddiskur] / leikstjórn Hafsteinn Gunnar Sigurðsson. (2014)			606

## Frekari úrvinnsla

Ef vinna á frekar með efni töflunnar er auðvelt að færa þær yfir í Excel með því að smella á grænu táknmyndina fyrir neðan töfluna.

Ár	Efnisflokkur	Lengd lista
2015	Smábarnaefni	10
<b>Skoða</b>		
Titill	Útlán	
(1) Sjóræningjar skipta ekki um bleiur / texti Melinda Long (2007)	684	
(2) Asnaskóli / [texti] Julia Rawlinson, [teikningar] Lynne Chapman (2007)	652	
(3) Hér koma Skoppa og Skríta. 1 / [höfundur Hrefna Hallgrímsdóttir (2013)	566	
(4) 501 feluhlutur / [islenskur texti Baldur Snær Ólafsson]. (2015)	511	
(5) Stubbur / Bengt og Grete Janus Nielsen (1951)	494	
(6) Bina bálreiða / Ásthildur Bj. Snorradóttir (2006)	484	
(7) Emmu finnst gaman í leikskólanum / Gunilla Wolde (2004)	472	
(8) Ólafur telur upp að tíu / Disney (2014)	468	
(9) Barbapabbi / Annette Tison og Talus Taylor (2006)	461	
(10) Prinsessa / [höfundar Rachel Elliot og Lisa Regan (2014)	457	



Þegar Excel-taflan opnast er kóði viðkomandi bókasafns í fyrsta reit – A1.

A	B	C	D	E	F	G	H	I	J
1	asafna - bókasafnskerfið Gegnir: Útlánatölur fyrir bóka								
2	Topplisti útlána 2015 .								
3	10 efstu.								
4	Tegund efnis: Fullorðinsefni								
5	<b>Titill</b>	<b>Útlán</b>							
6	(1) One piece / story and art by Eiichiro Oda (2003)	475							
7	(2) Naruto / story and art by Masashi Kishimoto (2003)	271							
8	(3) Kamp Knox / Arnaldur Indriðason. (2014)	180							
9	(4) Afturgangan / Jo Nesbø (2015)	154							
10	(5) Case closed / Goshō Aoyama (2004)	150							
11	(6) Syndlaus / Viveca Sten (2015)	147							
12	(7) Örnefi / Ófeigur Sigurðsson. (2014)	141							
13	(8) DNA / Yrsa Sigurðardóttir. (2014)	139							
14	(9) Náðarstund / Hannah Kent (2014)	139							
15	(10) Zack / Mons Kallentoft & Markus Lutteman (2015)	129							

Hafi ekkert bókasafn verið valið og birtar eru tölur fyrir Gegni í heild kemur það svona fram í A1.

A1	B	C	D	E	F	G	H	I	J
1	asafna - bókasafnskerfið Gegnir: Útlánatölur.								